

Sp.

9. Tillaga til þingsályktunar

[9. mál]

um afsögn þingmennsku.

Flm.: Stefán Benediktsson, Guðmundur Einarsson, Kolbrún Jónsdóttir,
Kristín S. Kvaran.

Alþingi ályktar að skora á háttvirtan 6. þm. Reykvíkinga, Ellert B. Schram, að segja af sér þingmennsku.

Greinargerð.

Háttvirtur 6. þm. Reykvíkinga, Ellert B. Schram, hefur lýst þeirri ósk sinni að fá leyfi frá þingmennsku. Samhliða þeirri ósk hefur hann látið frá sér fara í blöðum og útvarpi yfirlýsingar um ástæður þessarar beiðni.

Að mati flutningsmanna þessarar tillögu verður leyfisbeiðnin ekki slitin úr sambengi við þessar yfirlýsingar. Þingmaðurinn gaf kost á sér við kjör til Alþingis og hlaut kosningu. Samt sem áður lítur hann ekki á það sem nægilegt umboð heldur kýs hann að „nota starfskrafta sína þar sem eftir þeim er óskað“ (Tíminn, 6. okt.), en það mun vera hjá Dagblaðinu/Vísi. Eftir tíu ára þingmennsku fyllist hann „langvarandi leiða og vonbrigðum yfir því að hafa ekkert að gera“ (Helgarpósturinn 6. okt.), þá nýorðinn þingmaður enn einu sinni.

Í yfirlýsingunum þingmannsins kemur greinilega fram, svo ekki verður um villst, að hann bauð sig ekki fram til þingmennsku heldur var hann að „leggja fram krafta sína í þágu flokksins og þessarar ríkisstjórnar“, sem reyndar vekur þá spurningu hvort hafi verið búið að mynda þessa ríkisstjórn fyrir kosningar. Þingmaðurinn leit ekki á framboð sitt til Alþingis sem yfirlýsingu um að vilja vinna að því að setja landinu lög, heldur gaf hann kost á sér til ábyrgðarstarfa innan Sjálfstæðisflokksins eða ríkisstjórnarinnar. Þingmennska ein finnst honum sambærileg við störf „messagutta“ og segir fullum fetum að starf löggjafans sé „að gera ekki neitt“.

Bandalag jafnaðarmanna harmar mjög þá tilhneigingu manna að líta á Alþingi sem afgreiðslustofnun eingöngu fremur en stefnumótandi aðila í löggjöf. Þessu verður ekki breytt nema þingmennska hætti að vera ávísun á áhrifastöður hjá framkvæmdavaldi. Þá fyrst geta þingmenn kallað framkvæmdavaldið til ábyrgðar af siðferðilegum styrk.